



Akureyrarbær

Fundarritun, fundagátt og staðsetning gagna

Jón Þór Kristjánsson
forstöðumaður þjónustu og þróunar

Elín Dögg Guðjónsdóttir
skjalastjóri

Verklag við fundarritun



Akureyrarbær

- Fundarboð eru skráð í fundargerðakerfi bæjarins.
- Hvert mál sem taka á fyrir er einn liður í fundarboðinu og hægt að hengja við hann fylgigögn eftir þörfum.
- Tveimur sólarhringum fyrir fund er fundarboðið birt á svokallaðri fundagátt sem er læst vefsvæði fyrir nefndarmenn.
- Þegar kemur að því að halda fund er fundarboðinu breytt í fundargerð og niðurstaða fundarins skráð við hvern og einn lið.
- Að fundi loknum fer formaður yfir það með fundarritara hver af fylgiskjölunum skuli birta með fundargerðinni á heimasíðu Akureyrarbæjar.
- Að prófarkarlestri loknum er fundargerðin birt og send svarbréf til viðeigandi aðila.

Fundarkerfi Akureyrarbæjar



Akureyrarbær

- Akureyrarbær notar rafrænt fundarkerfi frá OneSystems.
- Kerfið er hluti af rafrænu skjalastjórnunar- og hópvinnumakerfi bæjarins.

Skráning ykkar í fundarkerfið



Akureyrarbær

- Starfsfólk skjalasafns er að vinna í að skrá ykkur í fundakerfið hjá okkur.
- Í gær og í morgun fóru trúnaðaryfirlýsingar rafrænt til ykkar, tilkynningarnar fóru á einka-netföngin ykkar.
- Þessar yfirlýsingar þurfið þið að undirrita rafrænt sem allra fyrst.
- Þegar trúnaðaryfirlýsingarnar koma til baka göngum við frá skráningu ykkar í kerfið og sendum ykkur slóð á fundagáttina.

@akureyri.is netföng



Akureyrarbær

- Allir nefndarmenn í fastanefndum bæjarins, Samráðshópi um málefni fatlaðs fólks og Öldungaráði hafa fengið úthlutað @akureyri.is netfangi.
- Mikilvægt að nota @akureyri.is netfangið í öllum samskiptum varðandi nefndarsetu og störf fyrir bæinn.

Fundagátt



Akureyrarbær

- Allar fastanefndir bæjarins nota svokallaða fundagátt
- Fundagáttin er læst svæði sem eingöngu er ætlað nefndarmönnum og starfsmönnum nefnda – innskráning er með rafrænum skilríkjum.
- Hver og einn nefndarmaður sér aðeins fundarboð þeirra nefnda sem hann á sæti í.
- Þarna er m.a. að finna virk fundarboð og fundargögn, yfirlit yfir allar nefndir sveitarfélagsins og hverjir sitja í þeim, ásamt fundargerðum allra nefnda.
- Einnig eru þarna eyðublöð fyrir m.a. hagsmunaskráningu, flugbeiðnir og tilkynningar um breytingar í nefnum.

Fundagátt og rafræn undirritun fundargerða



Akureyrarbær

- Allar fundargerðir fastanefnda eru undirritaðar rafrænt í gegnum fundagáttina.
- Tilkynning berst á @akureyri.is netfang nefndarmanna þegar búið er að birta fundargerðina.

Til að hafa samband við okkur



Akureyrarbær

- Undirbúningur funda hjá bæjarráði og bæjarstjórn
 - Jón Þór
 - fundirbb@akureyri.is
- Fundarritun
 - Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður
 - fundirbb@akureyri.is
- Frágangur eftir fund – prófarkarlestur, frágangur fylgiskjala, birting fundargerðar og fylgiskjala á heimasíðu, svarbréf og rafræn undirritun fundargerða
 - skjalasafn@akureyri.is

Mikilvægt að muna



Akureyrarbær

- Bókanir = niðurstaða og/eða ákvörðun nefndar í hverju og einu máli.
- Öllum sér-bókunum sem nefndarmaður óskar eftir að fá skráðar í fundargerð þarf að skila rafrænt eða skriflega ef ákveðið er að bóka meðan á fundi stendur.
- Fundi er ekki lokið fyrr en búið er að birta fundargerð á skjá og lesa yfir, það er þó ekki gert í bæjarstjórn.
- Bæjarstjórnarfundir eru teknir upp og settir á heimasíðu Akureyrarbæjar daginn eftir fundinn.
- Allir fundarmenn eru ábyrgir fyrir því að fundargerðin sé rétt skráð.

Bæjarstjórn – fundaáætlun (11. gr.)



Akureyrarbær

- Í upphafi kjörtímabils ákveður bæjarstjórn hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.
- Fundaáætlun bæjarstjórnar er birt á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Bæjarstjórn – dagskrá (10. gr.)



Akureyrarbær

- Forseti bæjarstjórnar í samráði við bæjarstjóra semur dagskrá bæjarstjórnarfundar.
- Óski bæjarfulltrúi eftir að mál verði tekið á dagskrá skal hann tilkynna forseta bæjarstjórnar það með rafrænum hætti með tillögu fyrir kl. 11:00 föstudaginn fyrir bæjarstjórnarfund.
- Dagskrá bæjarstjórnar er birt á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Opnir fundir bæjarstjórnar (12. gr.)



Akureyrarbær

- Bæjarstjórnarfundir eiga að vera opnir öllum eftir því sem húsrúm leyfir.
- Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum.
- Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.
- Bæjarstjórnarfundir eru teknir upp og settir á heimasíðu Akureyrarbæjar daginn eftir bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjórn – lögmæti (13. gr.)



Akureyrarbær

- Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi.

Bæjarstjórn - fundarstjórn



Akureyrarbær

- Mál eru tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað.
- Heimilt að taka til meðferðar mál sem ekki hefur verið í útsendri dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slík afbrigði.
- Mál eru afgreidd að jafnaði við eina umræðu með ákveðnum undantekningum.
- Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli (16. gr.).
- Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um:



Akureyrarbær

- Samþykktir og aðrar reglur sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
- Staðfestingu ársreiknings.
- Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagssins í heild eða meirihluta þess.
- Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag.
- Tvær umræður þarf með a.m.k. tveggja vikna millibili um fjárhagsáætlun – gildir þó ekki um viðauka.

Ávarp ræðumanns



Akureyrarbær

- Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar.
 - Forseti, ágætu bæjarfulltrúar...
- Ávarpa á einstaka bæjarfulltrúa með fullu nafni.
- Ekki má lesa prentað mál nema með leyfi forseta.

Fundarstjórn frh.



Akureyrarbær

- Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum.
- Bæjarfulltrúi skal óska heimildar forseta ef hann vill taka til máls.
- Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs en víkja má frá þeirri reglu þegar um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri.

Tillögur frá bæjarfulltrúum



Akureyrarbær

- Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingatillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi bæjarstjórnar. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar.
- Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

Afgreiðsla bæjarstjórnar



Akureyrarbær

- Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá bæjarstjórn eða til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra.
- Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða er ekki hægt að vísa til afgreiðslu annarra.

Afgreiðsla bæjarstjórnar - atkvæðagreiðsla



Akureyrarbær

- Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja afgreiðslu máls að rétta upp hönd sína. Þar á eftir biður hann þá sem eru á móti að gera slíkt hið sama.
- Síðan skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.
- Á bæjarstjórnarfundum ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála.
- Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu og er hún bókuð sérstaklega þ.e. nafn þess sem situr hjá ásamt listabókstaf.

Samráð við íbúa – þátttökulýðræði



Akureyrarbær

- Vísað til X. kafla sveitarstjórnarlaga
- Réttur íbúa til að hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins
- Virk upplýsingagjöf
- Samráð t.d. á borgarafundum, íbúáþingum og í íbúakosningum
- Skipun íbúa og notendaráða
- Skipuleggja starfsemi eftir staðbundnum aðstæðum
- Samstarf eða aðstoð við íbúa sem vilja vinna að málefnum sveitarfélagsins

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa



Akureyrarbær

- Ef 25% þeirra sem kosningarétt eiga óska almennrar atkvæðagreiðslu skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Bæjarráð



Akureyrarbær

- Fundir bæjarráðs eru haldnir að jafnaði einu sinni í viku á fimmtudögum.
- Formaður bæjarráðs undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við bæjarstjóra.
- Dagskrá er birt í fundagátt kl. 08:15 á þriðjudagsmorgni.
- Bæjarráðsfundir eru lokaðir og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundinum.

Bæjarráð



Akureyrarbær

- Í sumarleyfi bæjarstjórnar má kalla aðra frambjóðendur af sama framboðslista sem varamenn í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.
- Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.



Akureyrarbær

Spurningar?